

Almennt um viðveru

Starfsfólk Matvælastofnunar hefur flest sveigjanlegan vinnutíma. Sveigjanleikinn felst í því að föst viðvera er milli kl. 9 og 15 alla virka daga nema föstudaga, þá er hún 9-14. Með viðveru er átt við að starfsmaður sé að störfum. Starfsmenn hafa sveigjanleika í að skila því sem eftir er af vinnutímanum fyrir eða eftir fasta viðveru.

Einhverjir starfsmenn hafa, starfs síns vegna, ekki þennan sveigjanleika. Það á m.a. við starfsfólk sem sinnir afgreiðslu/þjónustu og eftirliti í sláturhúsum, þó með þeim fyrirvara sem kemur fram í kaflanum *Fjarvistir á vinnutíma* hér að neðan sem á við um alla starfsmenn.

Fjarvistir á vinnutíma

Matvælastofnun leggur sig fram um að vera fjölskylduvænn og sveigjanlegur vinnustaður og fjarvistir vegna fjölskyldu eru því heimilar á vinnutíma. Starfsmaður skal ávallt tilkynna yfirmanni um slíkar fjarvistir með eins góðum fyrirvara og unnt er. Starfsmaður skal ávallt leitast við að sinna persónulegum erindum utan hefðbundins vinnutíma sé það mögulegt. Þurfi starfsmaður að sinna persónulegum erindum, hvers kyns sem þau kunna að vera, innan skilgreinds vinnutíma skal hann stimpla sig út þegar hann yfirgefur starfsstöð og inn aftur þegar hann kemur til baka. (Sjá nánar útlitun á launuðum og ólaunuðum fjarvistum hér fyrir neðan).

Heimilar fjarvistir sem tengjast veikindum starfsmanna og barna þeirra yngri en 13 ára eru tilgreindar í kjarasamningi.

Launaðar fjarvistir á vinnutíma

- Læknisheimsóknir starfsmanns
- Læknisheimsóknir barna yngri en 13 ára
- Tímabundin meðferð hjá sálfræðingi, félagsráðgjafa o.þ.h. upp að 1 klst. á viku
- Tímabundin meðferð í sjúkraþjálfun allt að 1 klst. á viku
- Jarðarfari nánna ættingja

Sé fjarvist á grundvelli ofangreinds skal starfsmaður breyta skráningu í Vinnustund og velja þar „Fjarvist með leyfi“ sem tegund fjarvistar og setja viðeigandi skýringu við.

Ólaunaðar fjarvistir á vinnutíma

Aðrar fjarvistir en upp eru taldar undir launaðar fjarvistir eru ólaunaðar. Dæmi:

- Foreldraviðtöl, tónfundir, skólaskemmtanir o.þ.h.
- Sjúkraþjálfun umfram 1 klst. á viku
- Meðferð hjá sálfræðingi, félagsráðgjafa o.þ.h. umfram 1 klst. á viku.
- Skrepp í verslun, pósthús, banka o.þ.h.
- Skrepp til að skutla fjölskyldumeðlimum á milli staða
- Jarðarfari annarra en nánna ættingja
- Klipping, hárgreiðsla, snyrtistofur, fótaaðgerðastofur
- Nudd, jóga, hugleiðsla
- Líkamsrækt
- Veikindi barna 13 ára og eldri, maka, foreldra og barnabarna
- Bifreiðaskoðun einkabíla
- O.fl.

Starfsmanni er heimilt að sinna ofangreindu á vinnutíma í samráði við yfirmann. Í tilvikum sem þessum þarf starfsmaður eftir sem áður að uppfylla vinnuskyldu sína skv. ráðningar- og kjarasamningi, nema yfirmaður samþykki annað hvort að fjarvistin verði skráð sem "orlof" eða "ólaunað leyfi".

Yfirmaður fer yfir skráningar Vinnustund og tryggir að fjarvistir séu rétt skráðar.

Hvað má flytja marga dagvinnutíma milli launatímabila (16.-15.)?

- Heimilt er að skulda að hámarki 4 dagvinnutíma, af þeim 36 sem starfsfólk þarf að skila á viku, milli tímabila.
- Ekki er heimilt að flytja tíma vegna styttingar á milli launatímabila. Yfirmanni er þó heimilt að flytja tíma starfsmanns sem kemur til vegna styttingar vegna óviðráðanlegra aðstæðna innan stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að launafulltrúi sé upplýstur.

Sveigjanleiki varðandi starfsstöð

Reglur um vinnu fjarri fastrí starfsstöð eru í kafla 3.16 starfsmannahandbókar. Starfsmönnum ber að skrá í Vinnustund þegar unnið er fjarri starfsstöð í flípann „Merking stofnunar“ og velja „Fjarvinna, utan fastrar starfsstöðvar“. Einnig að upplýsa aðra samstarfsmenn með því að merkja starfsstað á TEAMS ásamt farsímanúmeri. Ef val er um fleiri en einn starfsstað í fjarvinnu skv. samkomulagi milli starfsmanns og yfirmanns ber starfsmanni að upplýsa móttöku eigi síðar en í upphafi starfsdags.. Matvælastofnun mun ekki útvega búnað annan en fartölvur til uppbyggingar fleiri starfsstöðva starfsmanns utan aðalstarfsstöðvar.

Inn- og útstimplun

- Starfsmenn ferðast til og frá vinnu í eigin tíma. Starfsmönnum ber að stimpla sig inn þegar þeir ganga inn á vinnustað sinn (reglulegan vinnustað eða annan vinnustað innan Matvælastofnunar) með stimpilklukku þar sem hún er til staðar, en að öðrum kosti með smáforritinu Smástund eða í síma.
- Ef starfsmaður fer beint af heimili sínu í eftirlit getur hann stimplað sig inn þegar hann fer að heiman. Sama regla gildi ef eftirlitsmaður fer beint heim að loknu eftirliti, þá stimplar hann sig út þegar hann kemur heim. Þetta á einungis við eftirlitsfólk sem að öllu jöfnu mætir ekki á fasta starfsstöð Matvælastofnunar.
- Ef starfsmaður fer beint á fund eða annan vinnustað að heiman frá sér gilda reglur Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ef fundurinn/vinnustaðurinn er innan sama þéttbýlis og starfsmaðurinn býr í (höfuðborgarsvæðið telst sama þéttbýlissvæðið) stimplar hann sig inn þegar hann kemur á fundar-/vinnustað. Ef starfsmaðurinn mætir á fund/í vinnu utan þéttbýlissvæðisins stimplar hann sig inn þegar hann ekur framhjá vinnustað sínum, eða ef fjarlægðin er minni frá heimili en vinnustað, þá stimplar hann sig inn þegar hann leggur af stað að heiman.

Inn- og útstimplun á ferðalögum

- Að öllu jöfnu er ferðatími innanlands vegna vinnu greiddur.
- Ef starfsmaðurinn þarf að ferðast milli eða utan þéttbýlis til fundar-/vinnustaðar stimplar hann sig inn þegar hann yfirgefur gististaðinn og út þegar hann kemur til baka ef um er að ræða endi vinnudags.
- Ferðartími milli landa er greiddur með sérstakri greiðslu fyrir ferðatíma samkvæmt kjarasamningi. Starfsmenn eiga ekki að stimpla sig inn á meðan á ferðatíma stendur, heldur fylla út beiðni um greiðslu álags vegna ferðar erlendis, sem finna má á OnePortal Intranet.
- Ef brottför/koma flugs er á virkum degi fyrir kl. 10 og/eða eftir kl. 15 fær starfsmaðurinn álag sem nemur þremur klst. með 33% álagi.
- Um helgar og á almennum frídögum nemur álagið 6 klst. með 55% álagi óháð tíma dags.
- Á sérstökum frídögum nemur álagið 6 klst. með 90% álagi óháð tíma dags.
- Starfsmaður getur samið um frí í stað álags. Í slíkum tilvikum nemur 20 mín. frí 33,33% álagi á hverjum klukkutíma. 33 mín. leyfi jafngildir 55% álagi og 54 mín. jafngilda 90%. (Sjá nánar kjarasamning grein 5.5. Ferðatími erlendis).
- Ferðatími erlendis).